

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2021

frá 23. apríl 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/858 frá 18. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/732 að því er varðar frestun framkvæmdar hennar ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 5c (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/732) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 0858**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/858 frá 18. júní 2020 (Stjtið. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 57).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/858, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 57.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.